


☒ Re: Samráð vegna lýsingar á breytingu aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015-2031 á Hellnum

Búið til	23.10.2020 14:28:16
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	23.10.2020 14:28:15
Tilheyrir	 202010-0015 - Samráð vegna lýsingar á breytingu aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015-2031 á Hellnum

Efni

Re: Samráð vegna lýsingar á breytingu aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015-2031 á Hellnum

Upplýsingar

Sent	23.10.2020 14:28:15	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	byggingarfulltrui@snb.is

Innihald

Tilvísun í málsnr. 202010-0015 (TB)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Snæfellsnesbæ, dags. 8. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um lýsingu vegna breytingar á Aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031 á Hellnum. Um er að ræða breytingu vegna ferðaþjónustu við Gíslabæ, stækkum á svæði fyrir verslun og þjónustu, og minnkun á svæði fyrir íbúðabyggð auk breytingu á svæði fyrir frístundabyggð á lóð Melabúðar 1 í íbúðarsvæði.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda lýsingu og telur hana lýsa vel þeim atriðum sem þarf að skoða við frekari vinnslu á skipulaginu. Nefna má sérstaklega nálægð við friðlýst svæði og vernd lífríkis, jarðmyndana og landslagseinkenna á svæðinu auk tengsl þess við þjóðgarðinn.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir í ferlinu verð þörf á því sbr. kafla um kynningarferli og samráð.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8

210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (<mailto:trausti@ni.is>)



From: "Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar" <byggingarfulltrui@snb.is>
To: "skipulag@skipulag.is" <skipulag@skipulag.is>; "magnus.a.sigurdsson@minjavernd.is" <magnus.a.sigurdsson@minjavernd.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "bjosve@rarik.is" <bjosve@rarik.is>; "samgongustofa@samgongustofa.is" <samgongustofa@samgongustofa.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "office@vedur.is" <office@vedur.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "Heilbrigðiseftirlit Vesturlands" <heilbrigdiseftirlit@hev.is>; "Stefán Jónsson" <stefan@snb.is>
CC:
Subject: Samráð vegna lýsingar á breytingu aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015-2031 á Hellnum
Date: 8.10.2020 11:36:41

Samráð vegna lýsingar á breytingu aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015-2031 á Hellnum

Hér með er lýsing vegna breytingar á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031 á Hellnum send til kynningar og samráðs í samræmi við 30. grein skipulagslaga. Fyrirhuguð breyting varðar uppbyggingu ferðaþjónustu á landi Gíslabæjar, þar sem svæði fyrir verslun og þjónustu verði stækkað og svæði fyrir íbúðarbyggð minnkað. Einnig verði landnotkun á lóð Melabúðar 1 breytt úr svæði fyrir frístundabyggð í svæði fyrir íbúðarbyggð.

Lýsingin er einnig aðgengileg á heimasíðu Snæfellsbæjar, www.snb.is (<http://www.snb.is>)

Hægt er að skila ábendingum vegna lýsingarinnar til skipulags- og byggingarfulltrúa á netfangið byggingarfulltrui@snb.is (<mailto:byggingarfulltrui@snb.is>) til og með 25. október 2020.

Kveðja/Regards

Davíð Viðarsson

Forstöðumaður Tæknideildar Snæfellsbæjar

Skipulags- og byggingarfulltrúi

Snæfellsbær Klettsbúð 4, 360 Snæfellsbær

Sími: 433-6900, Farsími: 898-8557

Tölvupóstur: david@snb.is (<mailto:david@snb.is>)

www.taeknadeild-snb.is (<http://www.taeknadeild-snb.is/>)

-

Tölvupóstur þessi og viðhengi hans geta innihaldið trúnaðarupplýsingar eingöngu ætlaðar þeim sem hann er stílaður á. Ef hann berst fyrir mistök, vinsamlegast gerið sendanda viðvart og eyðið tölvupóstinum.

This e-mail and it's attachments may contain confidential information intended for the named addressee only. If you are not the intended recipient, please notify the sender and delete the e-mail.

Viðhengi

image001.gif (2 KB)

image001.gif (2 KB)